

## 96. fundur

Skólanefnd Tónlistarskólans hélt fund miðvikudaginn 25. febrúar 2004 kl. 18:900 á kaffistofu skólans. Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Sigrún Jónsdóttir, skólastjóri, Margrét Ásgeirsdóttir, Sævar Harðarson.

1. Skýrsla skólastjóra.  
Starfið gengur sinn vanagang og allt góðu róli.  
Ekki hafa verið teknir inn nýjir nemendur frá áramótum fyrir þá sem hafa dottið út, vegna fækkunar kennslustunda næsta haust.  
Dagur tónlistarskólannaer 28. febrúar. Af því tilefni verður haldin opin vika frá 1.-5. mars.  
Sigrún ræddi um áhuga aðila á að efla samvinnu/samstarf skólanna varðandi tónlistarverkefni.  
Ákveðið var að reyna að selja hljóðkerfi tónlistarskólans.
2. Starfsmannamál.  
Rætt var um möguleika þess að festa 6 stöðugildi þar sem stjórnendur skólans myndu ráðstafa þeim. Stjórn tónlistarskóla leggur til að fastsett verði 6 stöðugildi.  
Rætt var um kennaramál skólans næsta vetur.
3. Afmæli tónlistarskólans og lúðrasveitarinnar.  
Lúðrasveitin verður 60 ára og tónlistarskólinn 40 ára og er ákveðið að halda upp á það þann 1. maí. Þar sem lúðrasveitirnar, aðallúðrasveitin og byrjendalúðrasveitin, koma til með að spila. Undirbúningur er í fullum gangi.  
Lúðrasveitin kemur til með að fara í tónleikaferð um Vesturland í lok maí. Farið verður í æfingabúðir síðustu helgi fyrir páskafri 26.-27. mars. Þar verða fjórir kennarar við þjálfun.  
Ætlunin er að halda tónleika hjá lúðrasveitinni 1. desember 2004 en þá eru 60 ár frá fyrstu tónleikum sveitarinnar.
4. Önnur mál.  
Rætt var um hugmynd að gefa út blað í tilefni afmælis lúðrasveitar og tónlistarskólans.  
  
Sigrún óskar eftir að sveitarfélagið sækji um aðild að tónmenntavefnum. Ákveðið var að sækja um aðild. sem rúmast innan fjárlaga tónlistarskólans.  
Rætt um hugsanlega meiri samnýtingu á húsnæði með grunnskólanum.  
  
Rætt var um þörf á kaup á píanói ef það þrengist um húsnæði, annars væri full þörf á því.  
Ræddar voru hugmyndir um foreldraviðtöl.

Fundi slitið kl. 19.50.

Sævar Harðarson (sign.),

Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),

Sigrún Jónsdóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.).